

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 20. apríl 2021
UST202104-049/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 - Frístundabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 7. apríl þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felst í því að gefa svigrúm til þess að heimila meira byggingamagn á litlum og eldri lóðum, en nýtingahlutfallið 0,03 segir til um. Einnig er breytingunni ætlað að skýra ramma um byggingaheimildir á frístundalóðum sem eru stærri en 1 ha og setja þar með þak á hámarksbyggingarmagn á frístundalóðum. Markmið með breytingunni er að auðvelda afgreiðslu deiliskipulagsbreytinga og byggingarleyfa í eldri frístundahverfum innan sveitarfélagsins.

Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að frístundasvæðin eru ólík og geta verið staðsett á svæðum með hátt náttúruverndargildi. Umhverfisstofnun vill benda m.a. á að Laugarvatn og Apavatn í Laugardal og Brúará er svæði á tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) að framkvæmdaráætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár (<https://www.ni.is/greinar/su-laugarvatn-apavatn-bruara>). Á heimasíðu NÍ segir m.a. að svæðið er alþjóðlega mikilvægt svæði fyrir húsendur og gulendur á veturna og mikið af öndum dvelst á ám og vötnum á fartíma, þar á meðal duggönd og straumönd. Auk þess segir að helstu ógnir við svæðið er vaxandi frístundabyggð, ferðamennska og hætta á mengandi frárennsli. Helstu aðgerðir til verndar svæðisins er að tryggja að ekki verði byggt of nærri vatns- og árbökkum og gæta að mengun frá íbúa- og frístundabyggð.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur

